



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

101 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleg skólaskil

Skrifstofu skóla- og frístundasviðs barst erindi frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 24. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa sjálfstæðisflokksins um sveigjanleg skólaskil:

Borgarstjórn samþykkir að reykvískum nemendum gefist kostur á að taka 8.-10. bekk grunnskólans á tveimur árum til að stuðla að sveigjanleika í skólastarfi og vali nemenda um námshraða. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að útfæra tillöguna í samráði við skólastjórnendur, kennara og námsráðgjafa. Auk þess verði sviðsstjóra falið að hefja viðræður og samráð við menntamálaráðuneytið um tillöguna og hvernig best verði að henni staðið.

Umsögn:

Skóla- og frístundasvið tekur undir tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að reykvískum grunnskólanemendum gefist kostur á að taka 8. – 10. bekk grunnskólans á tveimur árum til að stuðla að sveigjanleika í skólastarfi og vali nemenda um námshraða.

Starfshópur á vegum skóla- og frístundasviðs um aukinn sveigjanleika milli grunnskóla og framhalds-skóla skilaði skýrslu í júní 2016 þar sem m.a. bent á að tryggja þyrfti jafnræði nemenda í borginni varðandi aðgang að námi í framhaldsskólaáföngum og flýtingu grunnskólanáms, að gera þyrfti samræmdar reglur um skil skólastiganna og upplýsa alla þá sem málið varðar. Lagt var til að gerð yrði úttekt á hlut náms- og starfsráðgjafa varðandi skil skólastiga og þann stuðning sem þeir veita nemendum sem vilja taka framhaldsskólaáfangi á meðan á grunnskólanámi stendur og/eða flýta fyrir útskrift úr grunnskóla með því að taka 8. – 10. bekk á tveimur árum. Hópurinn skoðaði jafnframt kostnað við það að nemendum verði gert kleift að ljúka 8. – 10. bekk á tveimur árum og benti á að nú þegar ljúki hópur nemenda grunnskólanámi á niu árum en ekki liggur fyrir hversu fjölmennur sá hópur er. Skýrslan var kynnt fyrir skóla- og frístundaráði 28. september 2016.

Við gerð fjárhagsáætlunar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2018 var samþykkt að auka fjármagn vegna námsráðgjafar á unglingsstigi í grunnskólum borgarinnar um 20 millj. kr., m.a. til að stuðla að því að allir nemendur á unglingsstigi fái fullnægjandi kynningu á námstilboðum framhaldsskóla og til að styðja við bakið á þeim grunnskólanemendum sem taka framhaldsskólaáfangi samhliða námi sínu í grunnskólum. Reynslan sýnir að fái grunnskólanemendur slíkan stuðning frá sínum heimaskóla vegnar þeim að öllu jöfnu betur í

náminu í framhaldsskólaáföngunum.

Tillaga borgarfulltrúa um sveigjanleg skólaskil var borin undir samráð skólastjóra til umsagnar í byrjun sept. sl. Í umræðunni var minnt á drög að verklagsreglum sem starfshópur um útskrift nemenda eftir 9. bekk skilaði vorið 2017 og sem byggð eru á reglugerð nr. 894/2016. Skólastjórar mæltu með að unnið væri eftir því verklagi þegar beiðni kemur um að nemandi ljúki grunnskólanámi á níu árum. Drögin fylgja umsögn þessari.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að verklagsreglum um útskrift nemenda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi lýkur

Drög að verklagsreglum um útskrift nemenda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi lýkur

Möguleiki nemenda á að útskrifast áður en tíu ára skyldunámi lýkur hefur verið til staðar um árabil. Nýleg breyting á aðalnámskrá grunnskóla og greinasviðum með aðalnámskrá grunnskóla áréttar þennan möguleika, sjá auglýsingu nr. 894 um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla og greinasviðum með aðalnámskrá grunnskóla frá 28. október 2016. Þar er gert ráð fyrir að ef niðurstöður samræmdra könnunarprófa sýna að nemandi í 9. bekk hefur sýnt framúrskarandi (A) eða góða hæfni (B), geti foreldrar geti óskað eftir því við skólustjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið.

Skóla- og frístundasvið og Félag skólustjórnenda í Reykjavík mæla með því að sú ákvörðun um að ljúka skyldunámi á innan við tíu árum eigi sér að jafnaði góðan aðdraganda og helst með árs fyrirvara. Þannig geta niðurstöður úr samræmdum prófum í 9. bekk nýst sem staðfesting á að rétt ákvörðun hafi verið tekin, fremur en að ákvörðun um útskrift sé tekin þegar niðurstöður prófanna liggja fyrir.

Skóla- og frístundasvið mælist til þess að nemendum 8. bekkjar og foreldrum þeirra sé að jafnaði kynntur sá möguleiki á að ljúka grunnskólanámi á innan við tíu árum. Hafi nemendur og foreldrar áhuga á styttingu námstíma í grunnskóla og nemandinn sýnt framúrskarandi námsárangur fram að því, er gerð e.k. áætlun um hvernig nemandi geti lokið hæfniviðmiðum aðalnámskrár á tveimur árum í stað þriggja. Samhliða fari af stað ferli til að meta hvort nemandinn hafi félagslegar forsendur til að útskrifast í lok 9. bekkjar eins og aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir. Eitt af því sem hægt er að gera er að nemendur fylgi nemendum í 10. bekk í ákveðinn tíma til að meta félagslegar og námslegar forsendur.

Hafi ákvörðun um styttingu námstíma ekki verið tekin áður en að samræmdum prófum kemur og nemendur og foreldrar þeirra hafa áhuga á að nemandinn útskrifist áður en tíu ára skyldunámi lýkur leggur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við fulltrúa úr Félagi skólustjórnenda í Reykjavík til meðfylgjandi meðferð máls:

1. Foreldrar nemanda í 9. bekk sem sýnt hefur framúrskarandi árangur á samræmdum prófum í 9. bekk og framúrskarandi árangur í öðrum greinum skulu senda skriflega ósk til skólustjóra grunnskóla um að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, eins fljótt og auðið er svo ráðrúm gefist til að meta forsendur með fullnægjandi hætti. Skólustjóri metur hvenær nemandi telst hafa lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla.

2. Námsleg viðmið sem nemandi þarf að uppfylla til að geta útskrifast úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi lýkur:

- Nemandi uppfylli viðmið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár með framúrskarandi árangri.
- Nemandi hafi sýnt framúrskarandi árangur (fengið A í a.m.k. tveimur námsgreinum og B+ í þeirri þriðju) í samræmdum prófum í 9. bekk.

3. Skólustjóri ráðfærir sig við umsjónarkennara nemandans og óskar eftir mati sérfræðiþjónustu á viðkomandi þjónustumiðstöð til að meta félagslegan þroska nemandans með sambærilegum hætti

þegar óskað er eftir flýtingu í námi. Mat umsjónarkennara og niðurstöður mats sérfræðiþjónustu bendi til þess að nemandi hafi félagsþroska til að takast á við félagslegt umhverfi framhaldsskóla.

4. Tryggt sé að nemandi hafi fengið náms- og starfsráðgjöf í heimaskóla.

5. Meti skólastjóri það sem svo að nemandi uppfylli ofangreind viðmið getur nemandinn útskrifast úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi lýkur og fengið afhent skírteini um brautskráningu úr grunnskóla.

6. Ef skólastjóri hafnar umsókn foreldris um að nemandi útskrifist í lok 9. bekkjar ber honum að benda foreldrum á þann möguleika að kæra ákvörðunina til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem úrskurðar í málinu.